


# Þannig virka MÍNAR SÍÐUR!

Á vefsvæði AFLs Starfsgreinafélags á hver einasti félagsmaður „mínar síður“. Upplýsingar og aðgerðir á mínum síðum hafa verið í þróun síðustu ár og á næstu mánuðum verður bætt við gagnlegri virkni. Félagið hefur aldrei kynnt „mínar síður“ formlega fyrr en nú – en hér verður vakin athygli á því helsta sem unnt er að gera á síðunum.

**Innskráning** – félagsmenn skrá sig inn á mínar síður af heimasíðu félagsins og unnt er að nota lykilorð sem félagið gefur út, rafræn skilríki eða Íslykil. Við reiknum með að hætta notkun eigin lykilorða á næstu mánuðum og eftir það verður aðeins unnt að nota rafræn skilríki eða Íslykil.



## Skýringar við yfirlitsmynd.

- Félagsmenn eiga sérstaka flípa fyrir flest undirkerfi félagsins. Þannig er unnt að sjá alla styrki sjúkrasjóðs, yfirlit yfir sjúkradagpeninga, **orlofsleigur**, viðskipti við vefverslun, iðgjaldasögu ofl.
- Tveir nýjrir flípar hafa bæst við síðustu vikur. Annar er yfirlit yfir öll skeyti sem félagið sendir þér og hinn er „atvikaskrá“ þar sem haldið er utan um „atvik“. T.d. gæti slæm umgengni um orlofsíbúð verið skráð þarna. Félagsmenn eiga rétt á að sjá það sem tengist þeirra nafni í kerfum félagsins – þess vegna var þessi flípa opnaður.
- Tungumálafáni. Við sýnum þarna á hvaða tungumáli félagsmaður skoðar „mínar síður“. Það hjálpar starfsfólki að ákveða á hvaða tungumáli t.d. skeyti til viðkomandi félagsmanns fara. Þegar send eru fjöldaskeyti á marga félagsmenn og þau eru á þremur tungumálum – ræður þessi merking hvaða skeyti félagsmaðurinn fær.
- Hér er hægt að breyta hluta persónuupplýsinga. Það er hægt að setja inn eða breyta upplýsingum um símanúmer, netfang og bankareikning. Einnig er hægt að skrá annað pósthaf ef félagi hefur aðsetur annars staðar en á lögheimili.
- Yfirlit yfir útgefin félagsskirteini. Ath. – félagsmaður ber sjálfur ábyrgð á því að útgefin félagsskirteini séu rétt skráð. Aðgangsheimildir á orlofsíbúðir eru opnaðar á fleiri skirteini og hafi óviðkomandi þau skirteini undir höndum – getur viðkomandi fengið aðgang að íbúðinni. Félagsmenn geta virkjað og óvirkjað skirteini. **Sjá skýringamynd.**
- Hér hlekkur til að bóka orlofsíbúð eða hús. Einnig kemur fram hversu marga leigudaga félagi getur bókað.
- Hér eru hlekkir til að sækja um annars vegar styrk sjúkrasjóðs og hins vegar sjúkradagpeninga. Einnig kemur fram hér hversu mikil réttindi félagsmaður hefur. Félagsmenn sem eru að hefja störf geta verið nokkra mánuði að öðlast 100% rétt.
- Hér er hlekkur á umsókn í menntasjóði. Þarna koma líka fram upplýsingar um hvaða menntasjóði félagsmenn eiga réttindi í. Ef félagsmaður á rétt í tveimur menntasjóðum samtals 100% - leggjum við réttinn saman til að greiða fullan styrk.
- Hér er „flýtsýn“ á það sem er í gangi hverju sinni – þ.e. tvær síðustu hreyfingar í hverjum flokki í kerfinu.



## Bókaraflipi

1. Félagsmenn geta nálgast leigusamning sinn hér um leið og leiga er fullgreidd. Leigusamningur verður ekki til fyrr en leiga er greidd – en þá birtist hann hér í pdf formi.
2. Ef félagsmaður vill fá leigusamninginn í tölvupósti er nóg að smella á umslagið.
3. Óski félagsmaður eftir að setja athugasemd við leigu - t.d. ábending um eitthvað sem betur má fara – er hægt að gera það hér.
4. Með því að smella á „i“ er hægt að opna upplýsingaglugga þar sem yfirlitit allar aðgerðir sem tengjast bókuninni eru birtar. Hægt er að vista þessa „aðgerdasögu“ í excel.

5. Ef leiga er felld niður einhverra hluta vegna og sótt um endurgreiðslu – getur félagsmaður fylgst með framgangi endurgreiðslubeiðni með því að smella á stækkunargleríð.